

## LEIÐBEININGAR UM FRÁGANG RITGERÐA OG NÁMSKEIÐSVERKEFNA

Sleppið ávallt forsíðu ef verkefnið er styttra en 20 blaðsíður. Merkið ritgerðir og verkefni í höfði (e. header) með 11 punkta letri. Hafið nafn höfundar (ykkar) hægra megin í efstu línu og tölvupóstfang ykkar hjá HÍ í línunni fyrir neðan. Vinstra megin í höfði ætti að koma fram í efstu línu námskeiðsnúmer og heiti námskeiðs en í línunni fyrir neðan ætti að koma fram misseri og ár (t.d. Haustmisseri 2020). Fyrir neðan línurnar tvær í höfði ætti að vera línubil. Titill ritgerðar eða heiti verkefnis á að vera miðjujafnað með feitlettruðu 16 punkta letri. Hafi ritgerðin undirtitil ætti hann að vera einni línu neðar á miðri síðu með fetlettruðu 14 punkta letri. Ef verkefni er lengra en 20 síður má hafa (en þarf ekki) forsíðu. Hafi verkefnið forsíðu ætti að fara eftir sniðmáti.

Notið Garamond leturgerð í meginmáli og neðanmálgreinum en Calibri light eða Arial nova light letur í höfði. Í meginmáli skal ávallt nota 12 punkta letur, eitt og hálft (1,5) línubil og víðar spássíur (e. wide margin) þ.e. 5,08 cm hægra og vinstra megin en 2,54 cm að ofan og neðan. Í neðanmálgreinum skal nota 10 punkta Garamond letur og einfalt línubil. Athugið að ritvinnsluforrit gæti skipt um letur eða aðrar stillingar í neðanmálgreinum og þið gætuð þurft að laga það sjálf. Textinn á að vera fulljafnaður (e. justified) í meginmáli jafnt sem í neðanmálgreinum. Ekki ætti að vera línubil á milli efnisgreina í ritgerðum. Upphaf efnisgreinar ætti að vera inndregið um 1,0 cm (athugið að það er ekki sjálfgefin stilling í MS Word). Blaðsíður eiga að vera tölusettar neðst á hverri síðu.

Skrifið á vandaðri íslensku með nútímastafsetningu.<sup>1</sup> Forðist óþarfar skammstafanir í meginmáli og notið íslenskar gæsalappir („“).<sup>2</sup> Í meginmáli eiga nöfn fornmanna (einkum grísk nöfn) að fara eftir íslenskum ritvenjum.<sup>3</sup>

Ef fyrirmæli eru gefin um lengd ritgerðar í orðafjölda skal talning innihalda neðanmálgreinar en undanskilja heimildaskrá.

Ritgerðum skal fylgja heimildaskrá. Nota skal Chicago-kerfið en vísað skal í heimildir í tölusettum neðanmálgreinum með nafni höfundar og titli.<sup>4</sup> Notið einungis fullt nafn í tilvísun ef höfundur er íslenskur en annars eftirnafn. Gefið upp nákvæmt blaðsíðutal í tilvísunum (t.d. Þorsteinn Gylfason, „Fjölræði og sjálfstæði“, 95–97; en ekki 95 o.áfr.) Í heimildaskrá skal skáletra titla bóka og heiti tímarita. Hafið titla tímaritsgreina og bókarkafla innan gæsalappa. Tilvísanir í forna höfunda skulu vera samkvæmt venjum í klassískum fræðum: ef ekki er vísað í *tiltekna* þýðingu eða útgáfu textans, t.d. til að ræða eða nota orðalag hennar, skal vísa í verk fornmanna eftir staðlaðri kaflaskiptingu eða

<sup>1</sup> Ef þið eruð í vafa skuluð þið styðjast við Dóru Hafsteinsdóttur (ritstj.), *Stafsetningarorðabókina* (Reykjavík: JPV útgáfa, 2006). Athugið að aftast í bókinni eru birtar „Ritreglur“ Íslenskrar málstöðvar frá 2006 í samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974, 184/1974 og 261/1977.

<sup>2</sup> Athugið að seinna merkið snýr svona “ en ekki svona ”.

<sup>3</sup> Varðandi umritun grískra nafna, sjá viðaukann „Um gríska stafkróka“ eftir Svavar Hrafn Svavarsson í Aristótelesi, *Síðfræði Níkomakkosar* öðru bindi (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995): 289–93. Nöfn Rómverja þarfnast yfirleitt engrar umritunar.

<sup>4</sup> Chicago-kerfið leyfir ýmist tilvísanir til heimilda í svigum í meginmáli eða í neðanmáls- eða aftanmálsgreinum. Hér er farið fram á að notaðar séu neðanmálgreinar og heimildaskrá. Um grunnatriði Chicago-kerfisins má fræðast á síðu Ritvers háskólans: <https://vefir.hi.is/chicagoleidbeiningar/>. Ítarlegri upplýsingar eru í *The Chicago Manual of Style*, 17. útg. (Chicago: University of Chicago Press, 2017).

línutali, með stöðluðum skammstöfunum á nöfnum höfunda og latneskum titlum<sup>5</sup> án þess að setja höfund og verk í heimildaskrá. Um frágang heimilda, þ.á m. meðferð fornra verka, er nánar fjallað í skjalinu „Heimildanotkun“.

Heimildir eiga að vera fræðilegar og viðeigandi. Wikipedia er ekki ásættanleg heimild — auðvitað er ekki bannað að lesa Wikipediu en ef þið lesið Wikipediu verðið þið að finna heimildina sem Wikipedia styðst við og skoða hana sjálf (og að því búnu vísa í *þá heimild* ef viðeigandi); ef það er ekki hægt að finna heimildina sem Wikipedia byggir á, þá vitið þið ekki enn það sem stóð í greininni af því að Wikipedia er einungis eins áreiðanleg og heimildirnar sem hún styðst við. Sömuleiðis er engin stoðheimild — hvorki á vefnum né á prenti — eftir ónafngreindan höfund ásættanleg. Oft eru bestu heimildirnar alls ekki á netinu, heldur á bókasafninu!

Nemendur eiga að skila ritgerðum og verkefnum rafrænt á tölvupóstfangið gtt@hi.is nema annað sé tekið fram. Skjölin mega vera Microsoft Word-skjöl eða pdf-skjöl.<sup>6</sup> Nefnið skjalið með nafni ykkar, bandstriki og titli sem er lýsandi fyrir verkefnið, s.s. „ritg.“ „verkefni I“, „verkefni II“ o.s.frv. eftir því sem við á (t.d. Jónína Jónsdóttir-verkefni I.doc eða Jónína Jónsdóttir-ritg. 2.pdf).

---

<sup>5</sup> Til dæmis Pl. Resp. 509E. (= Platon, *Ríkið* 509E). Staðlaðar skammstafanir fornra höfunda og verka er að finna í *OLD* og *LSJ*. Notið gríska titla einungis ef verk á sér ekki handritageymd eða engin venja er fyrir latneskum titli.

<sup>6</sup> Ef um vinnuskjal er að ræða, fremur en lokaútgáfu, og yfirlestrar er vænst skal senda Word-skjal svo að nota megi „track changes“-möguleika ritvinnsluforritsins.